

## **17. Erumvarp**

til laga um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

### **1. gr.**

Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar sjeu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á.

### **2. gr.**

Frá löndum þeim og landshlutum, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir alidýrasjúkdómar ganga, eða eru orðnir landlægir, er bann-

aður allur innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, hráum og litt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, smjöri, ostum, eggjum og þureggjum, hverskonar fóðurvörum frá mjólkurbúum, notuðum fóðurmjólsekkjum, og tuskum allskonar.

Frá sömu löndum og landshlutum er og bannaður innflutningur á ull. Þó getur atvinnuáráðuneytið veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuíðju, enda sje hún sóttþreinsuð utan lands eða innan undir öruggu eftirliti.

Frá sömu löndum og landshlutum er enn fremur bannaður innflutningur á notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum og dúni, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem burstavörum allskonar, penslum, kústum og hrosshársborðum. Innflutningsbann á vörum þessum kemur þó ekki til framkvæmda, ef vörurnar hafa verið sóttþreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip og fylgi vottorð um það farmskránni að sóttþreinsun hafi farið fram og að vörurnar hafi ekki smitast, frá því sóttþreinsunin fór fram þar til þær voru fluttar á skip. Þó er atvinnuáráðuneytinu heimilt að fyrirskipa sóttþreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

### 3. gr.

Atvinnuáráðuneytinu er heimilt að banna einnig, með auglýsingu, innflutning frá sömu löndum og landshlutum, sem ræðir um í 2. gr., á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttþreinsun geti borist með.

### 4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöð, gefa lög-reglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum, dvalið eða verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki, eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku hjeraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sóttþreinsaðir.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnuáráðherra fyrirskipað sóttþreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabryf hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjú mánuði þar sem engin smitunarbætta var.

### 5. gr.

Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutadeigandi lög-reglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hjer við land. Ennfremur getur atvinnuáráðherra bannað, með auglýsingu, skipum þeim er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr.

6. gr.

Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr. varða sektum frá 100—10000 krónum fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafn háum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað er af því leiðir. Enn fremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýtt, er hann flutti inn án leyfis, eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða 100 - 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sá sem brotlegur verður skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lög-reglumál.

7. gr.

Berist gin- og klaufaveiki til landsins eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir er það telur nauðsynlegar til að hefja útbreiðslu veikinnar.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926 um innflutningsbann á dýrum o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er auðsætt, hve miklir hagsmunir það eru fyrir landbúnaðinn, að íslensku húsdýrin hafa enn ekki fengið marga þá sjúkdóma. sem erfiðastir hafa reynst nágrannaþjóðum vorum, og skal sjerstaklega bent á tvo, gin- og klaufaveikina og hundæðið.

Nú er svo komið fyrir nágrannaþjóðum vorum, að þær verða árlega að kosta of fjár til að halda sjúkdómum þessum í skefjum, og þó er sá skaðinn ótalinn sem stærstur er, en það eru margháttuð verslunarhöft, sem af þessu leiða.

Þessa sjerstöðu vora er nauðsynlegt að varðveita, meðan þess er nokkur kostur, enda þótt það valdi nokkurri fyrirhöfn og árlegum fjárútlátum, því með því eru varðveittir framleiðslumöguleikar hálftrar þjóðarinnar og reynt að tryggja óhindraða verslun með íslenskar búfjárafurðir á erlendum mörkrðum.

Íslendingar standa mjög höllum fæti fyrir hættulegum búfjársjúkdómi ef

hann bærisk hingað. Hjer er hörð veðráttá, langur gjafatími, óhentugt fóður handa sjúkum dýrum, þar sem oft yrði að nota þurt hey, í staðinn fyrir mjól eða græn-fóður, sem er það eina, sem þannig veikar skepnur geta nærst á; samganga bú-fjárins á sumrin, strjálbýli sveitanna, sem veldur erfíðleikum að einangra með lögregluvaldi og loks dýralæknafeð landsins.

Afleiðingin af þessum ástæðum er sú, að bærisk gin- og klaufaveikin hingað fyrri hluta vetrar, hlyti hún að strádrepa búfjeð á þeim svæðnm, sem hún næði að herja, en eftir næsta sumar væri ekkert hjerað landsins óhult fyrir henni. Líkt er að segja um hundaeðið. Meðgöngutíminn, áður en veikin brýtst út, er margir mánuðir, jafnvel heil ár. Myndi hún því geta læðst um landið án þess að vart yrði við, svo að þegar hún brytist loks út, væri ekki hægt að bæla hana niður.

Til þessa hafa Íslendingar verið lausir við þessa skæðu sjúkdóma í ali-dýrum vegna einangrunar sýkingarsvæðanna erlendis, en nokkru hefir hepní þó hlotið að ráða, fyrst hvergi hefir hepnast að útrýma þeim, þar sem þeir hafa einu sinni komið, og þeir halda áfram að leggja undir sig ný og ný svæði. Eftir því sem samgöngur vorar og viðskifti við úllönd vaxa, hlýtur sýkingarhættan að vaxa að sama skapi. Er þess ljóst dæmi af Noregi síðastliðinn vetur. Væri því óvar-legt mjög að treysta eingöngu á löggjöf annara þjóða og hepní okkar til að verj-ast þessum vágesti, er flestu öðru mundi verri fyrir íslenskan landbúnað.

Að þessu athuguðu hefir þótt rjett að leggja frumvarp þetta fyrir Alþingi. Hefur frumvarp það, er lá fyrir síðasta Alþingi um þetta efni, verið lagt til grundvallar við samningu frumvarpsins, og einnig hefir verið stuðst við löggjöf Norðurlanda í þessum efnun.

Út af einstökum greinum frumvarpsins þykir rjett að taka fram það sem hjer fer á eftir.

#### Við 1. gr.

Það verður að álitast afar árfíðandi að banna innflutning á húsdýrum með öllu. Er sjálfsgagt að undanþága sje ekki veitt frá því, nema ítrustu varúðar sje gætt, um að einangra þau svo lengi, að sýkingarhætta af þeim sje algerlega útilokuð. Er hjer ekki gengið lengra en nágrannaþjóðir vorar gera.

#### Við 2. gr.

Það kann að þykja aðgangshart að banna innflutning á sumum þeim vörum, sem nefndar eru í þessari grein, svo sem smjöri, ostum, eggjum. Má og telja það óhagræði fyrir þá, sem ekki framleiða þessar vörur. En hins vegar fylgir vörutegundum þessum það mikil hætta, að dómi dýralækna vorra, að ófor-svaranlegt er að leyfa óhindraðan innflutning. Skal í þessu sambandi bent á það, að þó mjólkin, sem smjörið er unnið úr, sje gerilsneydd og ostarnir soðnir, þá kemur mjólkin ógerilsneydd til mjólkurbúanna, og sömu mennirnir — og í sömu fótunum — sem handfjatla mjólkina ógerilsneydda, þegar hún kemur frá heimil-unum, fara líka með vörurnar eftir að búíð er að vinna mjólkina, en mjólk kemur oft til mjólkurbúanna, eftir að skepnan hefir veikst á hlutaðeigandi heimili, en áður en veikin þektist. Egg er sú vara, sem ekki er hægt að

sóttþreinsa nema með suðu, ef að eins eru taldar þær leiðir, sem kleifar eru kostnaðar vegna.

Við 3. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við.

Við 4. gr.

Augljóst er að strangleika verður að gæta með innflutning á mönnum, því t. d. gin- og klaufaveikin er sannanlega mjög næm, og sýkiefni veikinnar er talið að geti lifað mjög langan tíma utan þeirra einstaklinga, sem hún sýkir.

Við 5. gr.

Sama hætta getur stafað af dýrum þeim, sem kunna að vera með skipum er sigla hjer við land, eins og af innfluttum dýrum. Er því rjett að gæta hinnar mestu varúðar, einnig að þessu leyti.

Við 6. gr.

Mjög mikið er í húfi ef þrjóskastr er gegn fyrirmælum laganna. Virðist því sjálfsgagt að dýr þau og vörur, sem flutt eru inn í heimildarleysi sje gerð upp-tæk og dýrunum lógað en vörurnar ónýttar, einnig að allháar sektir liggi við brotum gegn lögum og virðast sektir þær er ákveðnar eru í greininni hæfi-lega settar.

Við 7. gr.

Bæri sú óhamingja að höndum, að gin og klaufaveikin bærisk til lands-ins, er auðvitað afaráridandi að alt sje gert sem að haldi má koma, til að hefta útbreiðslu veikinnar. Er því nauðsynlegt að gefa atvinnumálaráðuneytinu viðtækt vald til varnarráðstafana.

Við 8. og 9. gr.

Þurfa ekki skýringar við.